

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, fimmtudaginn 10. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2025:

Knattspyrnufélagið Fram
gegn
Ungmennafélaginu Fjölni

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Fram

Kærði:

Ungmennafélagið Fjölnir

Skrifstofu KSÍ barst kæra frá kæranda þann 4. júlí sl. Kærða var veittur 3 daga frestur til að skila greinargerð og frekari gögnum með bréfi, dags. 7. júlí sl. Greinargerð barst frá kærða 7. júlí.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum úr leik Fram/Úlfana gegn Fjölni/Vængjum í 2. flokki karla, B-deild, lotu 2, sem fram fór kl. 20:15 þann 3. júlí sl, verði dæmd ógild og að Fram/Úlfunum verði dæmdir 3-0 sigur.

Kærði fer fram á að refsing verði felld niður og að leikmaður inn sem í hlut á taki út bann í næsta leik liðsins.

III.

Málsatvik:

Málið varðar þátttöku Fjölnis Sigurjónssonar, leikmanns Fjölnis í leik Fram/Úlfana gegn Fjölni/Vængja 2. flokki karla. Samkvæmt kæru er vísað til þess að leikmaðurinn hafi verið úrskurðaður í leikbann af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi nefndarinnar þann 1. júlí sl. og að hann hafi því átt að taka út leikbann í umræddum leik sem fram fór tveimur dögum síðar, þann 3. júlí.

Fyrir liggur að umræddur leikmaður var í byrjunarliði Fjölnis/Vængja í umræddum leik sem endaði 1-2 Fjölni/Vængjum í vil.

IV.

Málsástæður kærða:

Kærði fer fram á það í greinargerð sinni að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ felli niður refsingu í málinu og að umræddur leikmaður taki út leikbann sitt í næsta leik liðsins. Vísað er til þess í greinargerð að póstur um leikbann hafi borist á netfang fyrrum starfsmanns félagsins sem félagið hafði óskað eftir að yrði eytt úr samskiptaskrá í desember 2024. Vísað er til þess að umrætt brot hafi ekki verið framið af ásetningi og að leikmaðurinn hefði ekki spilað ef vitneskja hefði verið fyrir hendi um leikbann hans. Félagið vísar jafnframt til þess að það væri miður ef tilkynning sem var send á rangt netfang hefði þær afleiðingar að félaginu yrði dæmdur ósigur í leiknum og kæmi til með að hafa á möguleika 2. flokks félagsins á að vinna sér inn sæti í A-deild.

IV. Niðurstaða:

Í máli þessu kemur til skoðunar hvort kærði hafi teft fram ólöglega skipuðu liði í leik Fram/Úlfana gegn Fjölni Vængjum í 2. flokki karla sem fram fór kl. 20:15 þann 3. júlí sl. í B-deild, lotu 2. Kærði hefur ekki mótmælt því að leikmaðurinn sem um ræðir hafi verið í byrjunarliði liðsins í umræddum leik. Kærði hefur enn fremur ekki mótmælt því að leikmaðurinn hafi verið úrskurðaður í leikbann af aga- og úrskurðarnefnd á fundi þann 1. júlí sl. Úrskurður nefndarinnar og leikskýrsla úr umræddum leik staðfestir framangreint. Þá er ljóst af leikjaniðurröðun að lið Fjölnis/Vængja í keppni A-liða í 2. flokk spilaði enga aðra leiki á þessum tíma sem geta leitt til þess að leikmaðurinn hafi þegar tekið út leikbann sitt í umræddum leik.

Samkvæmt gr. 9.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál taka úrskurðir nefndarinnar í agamálum gildi kl. 12 á hádegi næsta dag eftir birtingu þeirra. Fyrir liggur að úrskurður nefndarinnar frá fundi þann 1. júlí 2025 var birtur á vefsíðu KSÍ þann sama dag og sendur kærða með tölvupósti til þeirra aðila sem félagið hefur tilkynnt skrifstofu KSÍ um. Jafnvel þó eitt netfangið sem skrifstofa KSÍ sendi tölvupóst á sé hjá fyrrum starfsmanni, og þar með óvirkt, þá er ljóst að pósturinn fór á þrjú önnur netföng sem félagið hefur tilkynnt um. Öll áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir á móttakanda, sbr. gr. 11.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Í máli þessu liggur fyrir að kærði stillti upp leikmanni í byrjunarliði sínum í ofangreindum leik sem var í leikbanni samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar. Samkvæmt gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót telst félag sem notar leikmann í leikbanni hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3. Með vísan til framangreinds verður að taka kröfu kæranda til greina og úrskurða kæranda 3-0 sigur í umræddum leik, sbr. gr. 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Þá er jafnframt skylt samkvæmt gr. 36.1 að úrskurða kærða til greiðslu sektar og er lágmark hennar kr. 100.000,-. Með vísan til greinargerðar kærða telur aga- og úrskurðarnefnd ekki ástæðu til að hækka sekt kærða.

V. Úrskurðarorð:

Úrslitum úr leik Fram/Úlfana gegn Fjölni/Vængjum sem fram fór í 2. flokki karla, B-deild, lotu 2, kl. 20:15 þann 3. júlí sl., er breytt og Fram/Úlfunum úrskurðaður 3-0 sigur í leiknum.

Kærði, Fjölnir, skal greiða kr. 100.000,- í sekt til KSÍ.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir[sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttarábrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.